

Skipulagsstofnun
Jón Ágúst Jónsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

dags. 18.7.2025
Verkefnanúmer A286812

Vindorkugarður við Dyraveg í Sveitarfélaginu Ölfusi – Viðbrögð við umsögnum almenninga við matsáætlun

Orkuveitan hefur móttengið umsagnir frá umsagnaraðilum og almenningi við matsáætlun fyrir vindorkugarð við Dyraveg í Sveitarfélaginu Ölfusi. Matsáætlunin var send til Skipulagsstofnunar 28. mars 2025 og gaf stofnunin frest til að skila umsögnum til 28. apríl 2025.

Í þessu skjali er samantekt á helstu athugasemdum einstaklinga og félagasamtaka ásamt viðbrögðum Orkuveitunnar. Umsagnir umsagnaraðila og viðbrögð Orkuveitunnar við þeim má finna í sér skjali sem er unnið samhliða. Í þessu skjali eru viðbrögð sett fram eftir efnisatriðum, en í töflu aftast í þessu skjali má sjá hverjir gerðu athugasemd við hvert efnisatriði.

Efnisyfirlit

1	Staðsetning	3
2	Skipulag og landnotkun	4
3	Löggjöf og stefna	5
4	Eignarhald, gjöld og tekjur	6
5	Flugöryggi	7
6	Framkvæmdarlýsing	8
7	Innviðir	9
8	Rekstur vindmylla og lok líftíma	10
9	Forsendur raforkuframleiðslu, raforkupörf og jöfnunarorka	11
10	Landslag, áskýnd og skuggaflökt	12
11	Samfélag og ferðaþjónusta	13
12	Óbyggð víðerni	14
13	Verndarsvæði	15
14	Hljóðvist og titringur	16
15	Fugla og dýralíf	17
16	Mengun	18
17	Grunnvatn og vatnshlot	19
18	Vistgerðir og gróðurfar	20
19	Líffræðilegur fjölbreytileiki	21
20	Menningarminjar	22
21	Loftslag og kolefnislosun	23
22	Orðalag	24
23	Veðurfar og náttúruvá	25
24	Mótvægisáðgerðir	26
25	Samlegðaráhrif	27
26	Samráð	28
27	Valkostir	29
28	Almennar athugasemdir	30

1 Staðsetning

Samantekt - Staðsetning	Viðbrögð Orkuveitunnar
Athugasemdir eru gerðar við staðsetningu vindorkugarðsins, sérstaklega í ljósi nálægðar við höfuðborgarsvæðið. Einnig eru gerðar athugasemdir um þá umfjöllun í matsáætlun að svæðið sé raskað.	Vísað er í umfjöllun í kafla 1.2 í matsáætlun. Líkt og þar kemur fram telur Orkuveitan að svæðið við Dyraveg henti vel fyrir starfsemi vindorkugarðs í kjölfar niðurstöðu staðarvalsgreiningar. Svæðið er í um 8 km fjarlægð frá bæði Nesjavallavirkjun og Hellsheiðarvirkjun ásamt því að vera í grennd við Nesjavallaveg, háspennulínur og hitaveitulögnina frá Nesjavöllum. Svæðið er því innan landsvæðis sem almennt telst raskað af mannavöldum, s.s. með sjáanlegum mannvirkjum og í nálægð við dreifiveitur og starfssvæði Orkuveitunnar. Nálægð framkvæmdasvæðis við ofangreinda innviði vegur þungt þegar kemur að staðarvali sem og nálægðin við núverandi flutningskerfi raforku en í um eins kílómetra fjarlægð, norðan við framkvæmdasvæðið, liggur Sogslína 3, 220 kV flutningslína, sem og Nesjavallalína 2, sem er 132 kV. Rétt er að benda á að þegar fjallað er um raskað land er ekki gerður greinarmunur á hæð mannvirkja, heldur það land sem raskast vegna framkvæmda.

2 Skipulag og landnotkun

Samantekt – Skipulag og landnotkun	Viðbrögð Orkuveitunnar
Í athugasemdum er fjallað um eignarhald svæðisins og að framkvæmdasvæðið sé þjóðlenda sem heyrir undir íslenska ríkið. Óskað er eftir að áhrif framkvæmdarinnar verði metin á landnotkun.	Fjallað verður nánar um áhrif framkvæmdarinnar á landnotkun í umhverfismatsskýrslu. Í umhverfismatsskýrslu verða mörk þjóðlendna á svæðinu sett inn á kort og fjallað um þjóðlendur í texta og það ferli sem farið er í. Fjallað er um skipulag svæðisins í kafla 2 í matsáætlun. Þar kemur fram að gera þurfi breytingar á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss, ef ákvörðun verði tekin um að hefja undirbúning við framkvæmdir við vindorkugarð. Einnig þurfi að vinna deiliskipulag þegar nær dregur framkvæmdum. Framangreint þyrfti að vinna í nánú samstarfi við sveitarfélagið. Nánar verður fjallað um breytingar á skipulagi í umhverfismatsskýrslu. Orkuveitan mun afla tilskilinna leyfa áður en til framkvæmda kæmi í samræmi við lög og reglur, ef niðurstöður rannsókna vegna umhverfismats leiða í ljós fýsileika vindorgarðs við Dyraveg.

3 Löggjöf og stefna

Samantekt – Löggjöf og stefna	Viðbrögð Orkuveitunnar
Í athugasemdum er bent á vöntun á heildarstefnu um vindorku á Íslandi og meira samtal við þjóðina um þau mál.	Í matsáætlun er vísað til þess að stjórnvöld séu að vinna að heildarlöggjöf um vindorku og tekur Orkuveitan undir að mikilvægt sé að slíkri löggjöf verði komið á. Það hefur þó ekki áhrif á vinnu við gerð umhverfismats sem snýst um að rannsaka og taka saman upplýsingar um möguleg umhverfisáhrif af framkvæmdinni. Fyrirhuguð framkvæmd er háð mati á umhverfisáhrifum, sbr. 19. grein laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Umhverfismatið verður unnið í samræmi við lög og reglugerðir. Fjallað verður nánar um orkuskipti og stefnu stjórnvalda í umhverfismatsskýrslu.

4 Eignarhald, gjöld og tekjur

Samantekt – Eignarhald, gjöld og tekjur	Viðbrögð Orkuveitunnar
Athugasemdir varðandi eignarhald, gjöld og tekjur snúa helst að því hver beri kostnað af verkefninu og þeim framkvæmdum sem þarf að fara í, þar á meðal vegauppbýggingu vegna framkvæmda. Þá er fjallað um eignarhald á vindorkugörðum og áhyggjur þess efnis að kostnaður falli á almenning á meðan fjárhagslegur ávinningur færist úr landi.	Orkuveitan er framkvæmdaraðili og stefnir að því að vera eigandi vindorkugarðsins, og mun þ.a.l. bera allan kostnað af verkefninu. Þá mun Orkuveitan fara að öllum lögum og reglum er varðar gjöld og skatta. Orkuveitan er í eigu sveitarfélaganna Akraneskaupstaðar, Reykjavíkurborgar og Borgarbyggðar. Orkuveitan mun meta flutningsleiðir vindmylluhluta. Hluti af því mati er burðarþol veganna og hvort þörf sé á að bæta þá vegi vegna þessara tímabundnu flutninga og hver yrðu áhrif þess. Í umhverfismati er eingöngu fjallað um umhverfis- og samfélagsleg áhrif verkefnisins, en fjárhagslegar upplýsingar eru ekki teknar til ítarlegrar umfjöllunar. Orkuveitan leggur ríka áherslu á gagnsæi og uppbyggilegt samráð við stjórnvöld og almenning og er reiðubúin að kynna fjármögnunaráform verkefnisins þegar umhverfismatsvinnu vindorkugarðsins vindorkugarðsins við Dyraveg miðar áfram og forsendur slíkrar umræðu liggja betur fyrir.

5 Flugöryggi

Samantekt – Flugöryggi	Viðbrögð Orkuveitunnar
Í athugasemdum koma fram áhyggjur um möguleg áhrif sem vindorkugarðar geta haft á flugstarfsemi og flugöryggi. Flughæðir, flugleiðir og æfingasvæði Gerðar eru athugasemdir um að fyrirhugaður vindorkugarður geti haft áhrif á Austursvæði sem nýtt er til kennslu, æfinga og einka-/almenningsflugs. Geirfugl fjallar sérstaklega um að vegna landslags og veðurs sé Austursvæðið oft eina nothæfa leiðin fyrir sjónflug og viðbragðsflug (t.d. neyðartilvik), og að stórt hlutverk þess sé að tryggja öruggar landingarleiðir þegar aðrar séu ekki nothæfar. SFÍ og ÖFÍA fjalla um möguleg áhrif á svifflug. ÖFÍA fjallar um mögulega skerðingu æfingasvæða þyrluflugs, sérstaklega fyrir björgunarflug. Isavia leggur áherslu á að nauðsynlegt verði að endurskoða og jafnvel breyta skipulagi og hæð takmarkana fyrir Austursvæðið, sem taki allt að 6–12 mánuði og þarf samþykki Samgöngustofu og samráð við flugrekendur. Hæðir, hindranir og áhrif á flugstarfsemi Fjallað er um vindmyllur sem stórar hindranir og að þær séu innan lágmarkshæðar sjónflugs. ÖFÍA fjallar um hættu á ísingum á spöðum. ÖFÍA og Fisfélag Reykjavíkur nefna einnig truflun ljósa á vindmyllum á notkun nætursjónauka (t.d. í þyrlum). Ókyrrð og veðuráhrif Gerðar eru athugasemdir við mögulega ókyrrð sem vindmyllur geta valdið. Fjarskipti, ratsjár og flugleiðsaga Isavia og ÖFÍA gera athugasemdir um möguleg áhrif á fjarskipti, ratsjár og flugleiðsögubúnað. Isavia bendir sérstaklega á þörf á sértækri úttekni til að skera úr um hversu mikil áhrif vindmyllur hefðu á íslensku ratsjárnetin og flugleiðsögukerfin. Samfélagsleg, skipulagsleg og lagaleg atriði Í athugasemdum er lögð áhersla á mikilvægi samráðs, faglegs mats og að haft verði samráð við ábyrgðaraðila flugöryggis (Samgöngustofu, Isavia), flugskóla og hagsmunasamtök áður en ákvörðun verði tekin (Isavia, Samgöngustofa, ÖFÍA, SFÍ). SFÍ og Geirfugl fjalla um að horft verði til samlegðaráhrifa.	Hluti af umhverfismati verkefnisins er að greina umhverfisáhrif og meta hættur sem geta stafað af uppbyggingu og rekstri fyrirhugaðs vindorkugarðs. Einn af áhættuþáttunum er samspil reksturs vindorkugarðsins og rekstur ýmiss konar loftfara (t.d. svifflug, kennsluflug, þyrlur o.fl.) í næsta nágrenni. Starfsemi sem þessi getur farið saman og gerir það víða um heim. Til þess að svo geti orðið þarf að greina vel hver áhættan er og hvernig unnt verður að koma í veg fyrir að röskun verði á flugstarfsemi vegna uppbyggingar vindorkugarðsins. Til eru ýmsar leiðir til þess og mun Orkuveitan leita upplýsinga og greina möguleg áhrif á flugrekstur á þessu svæði og viðhafa í því ferli samráð við viðkomandi hagsmunaaðila og stofnanir. Við mat á greiningu mögulegra neikvæðra áhrifa uppbyggingu vindorkugarðs á flugrekstur á svæðinu verður m.a. horft til þeirra atriða sem koma fram í athugasemdum. Orkuveitan mun vinna ítarlegar greiningar á mögulegum áhrifum vindorkugarðs á flugumferð og flugöryggi í samræmi við gildandi lög og reglugerðir og leiðbeiningar frá Samgöngustofu.

6 Framkvæmdarlýsing

Samantekt – Framkvæmdarlýsing	Viðbrögð Orkuveitunnar
Athugasemdir snúa aðallega að efnisnotkun, efnistöku og jarðraski vegna framkvæmda, meðal annars vegna uppbyggingu vega innan svæðis. Þá er fjallað um að uppbygging vindorkugarðsins sé óafturkræf framkvæmd.	Líkt og fram kemur í kafla 3.2.5 í matsáætlun mun efni úr uppgreftri við framkvæmdir verða nýtt eins og hægt er en það sem upp á vantar verður sótt úr nærliggjandi námum með rekstrarleyfi. Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað nánar um efnisþörf framkvæmdarinnar og þær námur sem efnið verður sótt í. Þá verður einnig gerð grein fyrir magni og gerð efnis sem sækja þarf. Eins og fram kemur í matsáætlun verður m.a. fjallað um jarðrask í umhverfismatsskýrslu. Helstu framkvæmdahlutar vindorkugarðsins eru skilgreindir í töflu 3.1 í matsáætlun en nánar verður fjallað um þessa hluta í umhverfismatsskýrslu. Þeir þættir sem um ræðir eru meðal annars aðkomuvegir, vinnuþlön og þjónustuvegir innan svæðisins en umhverfisáhrif þeirra verða metin í umhverfismatsskýrslu. Þá verður heildar landsvæði sem raskast tilgreint. Líkt og fram kemur í kafla 4.1 í matsáætlun verður í umhverfismatsskýrslu farið nánar í flokkun áhrifa fyrir hvern umhverfisþátt fyrir sig og metið hvort áhrifin komi til með að verða t.d. jákvæð, neikvæð, bein, óbein, sammögnuð eða afturkræf í samræmi við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og leiðbeiningar um flokkun, einkenni og vægi.

7 Innviðir

Samantekt - Innviðir	Viðbrögð Orkuveitunnar
Athugasemdir snúa aðallega að núverandi innviðum, áhrifum á þá og þörf á frekari uppbyggingu. Einnig er getið um flutninga vindmylluhluta um vegi og áhrif aukinnar þungaflutninga á íbúa á svæðinu.	Í kafla 3.2.4 í matsáætlun segir eftirfarandi um umfjöllun um flutninga í umhverfismatsskýrslu: <i>“Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um flutning vindmylla og hvort einhverjar takmarkanir séu á leið að framkvæmdasvæðinu með tilliti til burðarþols vega, breidd, beygju og annarra þátta. Fjallað verður um þær vegframkvæmdir sem þarf að ráðast í og umhverfisáhrif þeirra metin”</i>. Fjallað verður nánar um rask vegna allra framkvæmdahluta í umhverfismatsskýrslu. Framkvæmdaraðili mun vera í samráði við Vegagerðina í tengslum við hugsanlegar breytingar á samgöngumannvirkjum og óska heimildar fyrir þeim. Farið verður að þeim tilmælum sem Vegagerðin setur fram í umsögn sinni varðandi framkvæmdalýsingu og mat á áhrifum í samræmi við þær upplýsingar sem liggja munu fyrir við gerð umhverfismatsskýrslu. Varðandi áhrif þungaflutninga á íbúa. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort aðkomuvegir verða lagðir frá Nesjavallavegi eða Þjóðvegi 1. Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um þær vegaframkvæmdir sem þarf að ráðast í og umhverfisáhrif þeirra metin. Þá verður fjallað um mögulegar truflanir á samgöngum á meðan flutningum stendur og gerð grein fyrir flutningsáætlun og hvernig staðið verði að nauðsynlegu samráði með lögreglu, öðrum viðbragðsaðilum og sveitarfélagi varðandi flutninga. Orkuveitan hefur hafið og mun eiga í samráði við Landsnet við frekari þróun verkefnisins varðandi tengingu við flutningsnetið og núverandi innviði. Fjallað verður um stöðu samráðsins og mögulega tengingu við flutningsnetið í umhverfismatsskýrslu. Áður en farið verður í framkvæmdir verður hugað að innviðum á svæðinu með það að markmiði að skapa ekki hættu á skemmdum á þeim, í samræmi við almennt verklag við framkvæmdir sem þessar.

8 Rekstur vindmylla og lok líftíma

Samantekt – Rekstur vindmylla og lok líftíma	Viðbrögð Orkuveitunnar
Athugasemdir snúa annars vegar að endingu og líftíma vindmylla og hins vegar að því hvað gerist að ef bilanir eiga sér stað og að líftíma loknum. Þá er sérstaklega kallað eftir því að fjallað verði um hvernig staðið verði að niðurrifi og frágangi í lok rekstartíma og endurvinnslu íhluta. Þá koma fram áhyggjur um að kostnaði verði velt yfir á almenning í lok líftíma.	Í kafla 3.2.7 í matsáætlun er fjallað um frágang og niðurrif. Þar kemur meðal annars fram að líftími vindorkugarða er alla jafna um 25 ár eða mögulega lengri. Við lok líftíma verður tekin ákvörðun um áframhald orkunýtingar eða niðurrif. Þegar tekin verður ákvörðun um að hætta starfsemi vindorkugarðsins verða mannvirki tekin niður. Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað frekar um frágang svæðis meðan starfsemi stendur yfir, hversu langan tíma sé gert ráð fyrir að starfstími vindorkuversins verði, frágang og hvernig niðurrifi verði háttað komi til þess. Eins og staðan er í dag þá eru vindmylluhlutar endurunnir erlendis. Í skýrslu um tækifæri og áskoranir í vindorku á Íslandi sem unnin var af ráðgjafafyrirtækinu AFRY fyrir Landsvirkjun¹ kemur fram að stór hluti af vindmyllum geti verið endurnýttur, og eru dæmi um að vindmylluspaðar hafi verið nýttir á leikvöllum eða sem hjólaskýli. Fjallað verður nánar um stöðuna í umhverfismatsskýrslu, en þess má geta að Evrópusambandið stefnir á að banna urðun á spöðum árið 2025. Vindorkugarðurinn er háður virkjunarleyfi Orkustofnunar. Þar verður fjallað um skilyrði tengd rekstartíma verkefnisins sem og niðurrifi að rekstri loknum. Gert er ráð fyrir að niðurrif vindorkugarðs verði bundið í rekstrarleyfi orkuversins. Eigandi mun sjá um rekstur vindorkugarðs og bera ábyrgð á niðurrifi hans þegar að því kemur. Framkvæmdaraðili mun fara eftir þeim reglum sem settar verða í leyfi yfirvalda. Ef niðurstaða umhverfismats verður sú að þörf verði á vöktun á rekstartíma verður sett fram vöktunaráætlun í umhverfismatsskýrslu.

¹ AFRY, 2023. Vindkraftsfrágor på Island. Miljörelaterade möjligheter och utmaningar. LV-2023-014. Sjá: <https://gogn.lv.is/files/2023/2023-014.pdf>

9 Forsendur raforkuframleiðslu, raforkupörf og jöfnunarorka

Samantekt – Forsendur raforkuframleiðslu, raforkupörf og jöfnunarorka	Viðbrögð Orkuveitunnar
Athugasemdir snúa að raforkuframleiðslu og raforkuverði. Margir telja að ekki sé þörf á frekari raforkuframleiðslu á Íslandi. Þá er lagt til að notast frekar við vatnsafl og jarðvarma í stað vindorku og í því samhengi bent á það að vindorka getur verið óáreiðanleg og geti það leitt til hækkunar á orkuverði. Þá eru athugasemdir um þörf á jöfnunarorku og uppruna hennar.	Fjallað er um tilgang og markmið verkefnisins í kafla 3.1 í matsáætlun. Þar kemur fram að samkvæmt raforkuspá Landsnets fyrir árin 2024 – 2050 er mikil eftirspurn eftir raforku á Íslandi og gerir spáin ráð fyrir viðvarandi orkuskorti hér á landi næstu árin. Þá verði lítið framboð af umframraforku til að mæta eða bregðast við ólíkum aðstæðum á raforkumarkaði, allt til ársins 2029. Því er talin þörf á fleiri virkjunarkostum.² Í sjálfbærnistefnu Orkuveitunnar³ kemur fram að Orkuveitunni er falin mikil ábyrgð á þeim auðlindum sem hún nýtir. Ábyrgðin felst í því að vinna eftir hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar og því að tryggja sjálfbæra nýtingu, þ.e. að komandi kynslóðir búi við sömu tækifæri og núlifandi kynslóðir til að nýta auðlindirnar og að unnt sé að staðfesta að þannig sé að verki staðið. Fjallað verður um jöfnunarorku í umhverfismatsskýrslu. Orkuveitan hefur þegar hafið vinnu við að skoða möguleika á jöfnunarorku, bæði innan eigin orkuframleiðslu ásamt því að skoða samtal við aðra framleiðendur á orku á Íslandi. Eftirspurn eftir endurnýjanlegri orku hefur aukist verulega á síðustu árum, bæði vegna íbúafjölgunar og stækkunar byggðar en ekki síður vegna markmiða stjórnvalda í loftslagsmálum. Auðlindir Orkuveitunnar hafa endanlegan líftíma, og án markvissra aðgerða mun framleiðslugeta núverandi orkukosta minnka með tímanum. Því er brýnt að huga að fjölbreyttum lausnum í orkuöflun og nýta þá möguleika sem endurnýjanlegir orkugjafar bjóða upp á. Þá eru orkuskiptin eitt stærsta og mikilvægasta verkefni okkar kynslóðar í baráttunni gegn loftslagsvánni. Til að mæta þeim krefjandi áskorunum sem felast í orkuskiptunum er nauðsynlegt að auka framleiðslu á endurnýjanlegri raforku, og þar getur vindorka gegnt lykilhlutverki.

² <https://landsnet.is/library?itemid=bea0301d-c04b-4e94-8d18-2a7206bf85d4>

³ [Sjálfbærnistefna](#)

10 Landslag, ásynd og skuggaflökt

Samantekt – Landslag, ásynd og skuggaflökt	Viðbrögð Orkuveitunnar
Athugasemdir fjalla um möguleg áhrif vindorkugarðs á landslag, ásynd og skuggaflökt. Hluti af þeirri umfjöllun eru möguleg áhrif vegna ljósmengunar og ljósaflokts og áhrif á myrkurgæði. Umsagnarðilar benda sérstaklega á áhrif á útsýni höfuðborgarbúa og áhrif á útivist og ferðamenn á svæðinu og á svæðum þar sem áhrifa gætir. Þá er bent á möguleikann á að nýta hreyfimyndir við ásyndagreiningu.	Líkt og fram kemur í kafla 5.1.2 í matsáætlun verður unnin ítarleg landslagsgreining fyrir svæðið sem hefur það að markmiði að varpa ljósi á helstu landslagseinkenni framkvæmdasvæðisins og nágrennis, meta verndargildi og viðkvæmni skilgreindra landslagsheilda og hve mikil áhrif framkvæmdin geti haft á sjónræna þætti, upplifunargildi og gæði landslagsheilda. Þá verður gerð grein fyrir óbyggðum víðernum í nágrenni framkvæmdar og lagt mat á möguleg áhrif vindorkugarðsins á þessi svæði. Gerð hefur verið frumathugun á fræðilegum sýnileika vindmylla á svæðinu. Frekari greining verður gerð á því hvaða hlutar vindmyllanna sjást frá hverjum stað og áhrifum fjarlægðar í umhverfismati. Endanleg uppröðun, tegund og stærð vindmylla hefur enn ekki verið ákveðin og því geta kortin breyst á síðari stigum. Niðurstöður landslags- og ásyndargreininga verða settar fram í umhverfismatsskýrslu. Að lokinni landslags- og ásyndargreiningu verður lagt mat á hvort þörf sé á mótvægisaðgerðum til að draga úr eða bæta fyrir áhrif ef þau eru talin veruleg. Í samræmi við leiðbeiningar verður sérstök áhersla á þekkta útsýnisstaði, útivistarsvæði og ferðamannasvæði. Hreyfimyndir geta verið ágætur framsetningarmáti í mati á umhverfisáhrifum, en ekki er þó gert ráð fyrir því í leiðbeiningum og verður það ekki hluti af gögnum þessa verkefnis. Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir mögulegum áhrifum lýsingar innan vindorkugarðsins á ásynd og myrkurgæði, líkt og fram kemur í kafla 5.2.2 í matsáætlun. Skoðað verður hvort skuggaflökt og glampaáhrif hafi áhrif á ferðaleiðir og hóbýli í nálægð vindorkugarðsins, líkt og fram kemur í kafla 5.2.2 í matsáætlun.

11 Samfélag og ferðapjónusta

Samantekt – Samfélag og ferðapjónusta	Viðbrögð Orkuveitunnar
Í athugasemdum er fjallað um möguleg áhrif vindorkugarðs á samfélag og þá sérstaklega ásýndaráhrif á útivist og ferðapjónustu, þar á meðal vegna ljósmengunar. Bent er á mikilvægi útivistarsvæða í kringum höfuðborgarsvæðið fyrir íbúa og þau lífsgæði sem þeim fylgja en einnig að slík uppbygging geti haft áhrif á útsýni margra höfuðborgarbúa. Þá benda umsagnaraðilar á að friðsæld, ósnortin náttúra og landslag séu helsta aðdráttarafl ferðamanna og að slík uppbygging geti haft neikvæð áhrif á upplifun ferðamanna og ímynd landsins. Skert aðdráttarafl geti haft áhrif á ferðapjónustu og að dæmi séu um það frá öðrum löndum. Áhyggjur eru einnig settar fram um að framkvæmd sem þessi geti leitt af sér lækkun á fasteignaverði innan áhrifasvæðis og að tún bænda verði ónothæf vegna mengunar og falli í verði.	Líkt og fram kemur í kafla 5.9.2 í matsáætlun verður lagt mat á áhrif á samfélag og þar á meðan útivist og ferðamennsku. Helst eru það sjónræn áhrif, en sérstaklega verður fjallað um landslag og ásýnd í umhverfismatsskýrslu. Hluti af þeim ásýndarpunktum sem valdir hafa verið eru frá ferðamannastöðum. Að auki verður unnin könnun á meðal notenda svæðisins, s.s. íbúa, sumarhúseigenda, útivistarfólks og ferðamanna sem verður grundvöllur fyrir mati á áhrifum á útivist og ferðapjónustu. Þá verður lagt mat á áhrif vindorkugarðs á útivist og ferðapjónustu á svæðinu og gildi og aðdráttarafl svæðisins með tilliti til ferðapjónustu og útivistar. Vindorka er ný starfsemi í íslensku umhverfi og því lítil reynsla komin af henni til þessa. Mikil reynsla er af vindorku erlendis og margar rannsóknir verið unnar á samspili ferðapjónustu og vindorku. Í umhverfismatsskýrslu verður unnt að greina frá niðurstöðum erlendra rannsókna á þessum þætti, en benda má á að mjög fjölbreytt landnotkun er nú þegar á Hellisheiði sem innifelur m.a. í sér orku- og heitavatnsnýtingu í formi jarðvarma sem og margar flutningsleiðir raforku. Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir mögulegum áhrifum lýsingar innan vindorkugarðsins á ásýnd og myrkurgæði, líkt og fram kemur í kafla 5.2.2 í matsáætlun. Líkt og fram kemur í kafla 5.1.2 í matsáætlun verður í umhverfismatsskýrslu gerð grein fyrir óbyggðum víðernum í nágrenni framkvæmdar og lagt mat á möguleg áhrif vindorkugarðsins á þessi svæði. Ekki er ástæða til að ætla að virði eigna á svæðinu minnki með tilkomu vindorku. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er í grennd við aðrar virkjanir og aðra manngerða starfsemi. Hér er um að ræða umhverfismat, og í umhverfismati verður ekki fjallað á ítarlegan hátt um fjárhagsupplýsingar, einungis um umhverfis- og samfélagsleg áhrif verkefnisins. Fjallað er nánar um mengun og örplast í kafla 16 hér fyrir aftan.

12 Óbyggð víðerni

Samantekt – Óbyggð víðerni	Viðbrögð Orkuveitunnar
Athugasemdir fjalla um möguleg áhrif vindorkugarðsins á víðerni og hálendissvæði.	Afmarkað framkvæmdasvæði er í um og yfir 15 km fjarlægð frá óbyggðum víðernum samkvæmt greiningu og kortlagningu víðerna á landsvísu sem unnin var árið 2021 af Rannsóknasetri Háskóla Íslands á Hornafirði fyrir Áætlun um vernd og orkunýtingu landssvæða. Líkt og fram kemur í kafla 5.1.2 í matsáætlun verður í umhverfismatsskýrslu gerð grein fyrir óbyggðum víðernum í nágrenni framkvæmdar og lagt mat á möguleg áhrif vindorkugarðsins á þessi svæði.

13 Verndarsvæði

Samantekt – Verndarsvæði	Viðbrögð Orkuveitunnar
Í athugasemdum er bent á mikilvægi þess að meta áhrif framkvæmdarinnar á verndarsvæði og á verndargildi þeirra. Þingvallabjóðgarður er nefndur sérstaklega vegna þeirra sjónrænu áhrifa sem gæta. Í umsögn frá Þjóðgarðinum er lögð áhersla á að fram fari mat á því hvort framkvæmdin geti haft áhrif á stöðu Þingvalla á heimsminjaskrá Unesco.	Líkt og fram kemur í kafla 2.5 verður farið nánar út í möguleg áhrif á verndarsvæði innan og í grennd við svæðið í umhverfismatsskýrslu. Fjallað verður um Þingvelli í umhverfismatsskýrslu og möguleg sjónræn áhrif. Farið verður að lögum og reglum er varðar formlegt skipulagsferli og umhverfismat framkvæmda. Fjallað verður um samræmi við viðkomandi skipulags- og verndaráætlanir í umhverfismatsskýrslu. Á matsáætlunarstigi er ótímabært að fjölyrða um áhrif fyrirhugaðs vindorkugarðs á hina ýmsu umhverfispætti. Í matsáætlun eru skilgreindir þeir umhverfispættir sem fjallað verður um í umhverfismatsskýrslu, hvaða gögn liggja fyrir og hvaða rannsóknir verða unnar. Staðsetning vindmylla verður einnig mótuð samfara rannsóknnum sem eiga sér stað með það að markmiði að draga úr áhrifum eins og kostur er.

14 Hljóðvist og titringur

Samantekt – Hljóðvist og titringur	Viðbrögð Orkuveitunnar
Athugasemdir eru gerðar varðandi hávaða sem berst frá vindmyllum og möguleg áhrif hans á menn og dýr. Sérstaklega er fjallað um möguleg áhrif hávaða á gönguleiðir og útivistarsvæði í nágrenni vindorkugarðsins. Þá er einnig bent á möguleg áhrif á frístundabyggð í nágrenninu.	Við gerð matsáætlunar var unnið hljóðvistarkort miðað við núverandi forsendur, sjá kafla 5.3.1. Niðurstöður sýna að hljóðstig næst vindmyllunum er undir leyfilegum mörkum á iðnaðarsvæði og komin niður í 35-40 dB(A) í um 0,5-1 km frá framkvæmdasvæðinu. Útreikningar eru unnir í hljóðhermiforriti og byggja á gögnum um hljóð frá vindmylluframleiðanda. Hljóðvistarkort verða metin á ný og uppfærð eftir því sem endanleg uppröðun, tegund og stærð vindmylla hafa verið ákveðin. Þau gildi sem fást verða borin saman við viðmiðunargildi í reglugerð nr. 724/2008 um hávaða og möguleg áhrif metin á þau svæði sem gætu verið viðkvæm fyrir hávaða. Þá verður horft til þess hvort viðkvæmir viðtakar séu á svæðinu og hvort hljóð frá vindmyllum muni breyta núverandi hljóðstigi í þeim húsum sem næst standa og þá hvort hljóð fari yfir reglugerðarmörk. Huga þarf sérstaklega að því hvort landnýting á áhrifasvæði vindmylla sé viðkvæm fyrir því hljóði sem berast mun frá vindmyllunum. Rannsóknir gefa til kynna að lágtíðni hljóð frá vindorkugörðum valdi ekki áhrifum á einstaklinga og séu alla jafna undir viðmiðum.⁴ Líkt og fjallað er um í matsáætlun verður skoðað hvort huga þurfi að lágtíðnihljóðum. Hvað varðar möguleg áhrif hljóðvistar á dýralíf, þá hefur ekki þótt ástæða til að rannsaka sérstaklega þau áhrif. Varðandi hljóðvistarútreikninga er stuðst við reglugerð um hávaða þar sem viðmið eru hýbýli manna. Óvíst er hvaða viðmið ætti að nýta í slíkri umfjöllun, en vindgnauð er í mörgum tilvikum mun hærra en hávaði frá vindmyllum. Með þessu væri þá einnig verið að setja fordæmi fyrir annars konar framkvæmdir s.s. vegafframkvæmdir um umfjöllun um áhrif hávaða á dýr. Ekki er því gert ráð fyrir að skoða áhrif vegna hljóðvistar á dýralíf.

⁴ McCunney, R., Mundt, K., Colby, W., Dobie, R., Kaliski, K., & Blais, M. (2014). Wind Turbines and Health: A Critical Review of the Scientific Literature. *Journal of Occupational and Environmental Medicine*, 56, e108–e130. <https://doi.org/10.1097/JOM.0000000000000313>. Knopper, L., & Ollson, C. (2011). Health effects and wind turbines: A review of the literature. *Environmental Health*, 10, 78 - 78. <https://doi.org/10.1186/1476-069X-10-78>.

15 Fuglalíf

Samantekt – Fuglalíf	Viðbrögð Orkuveitunnar
Athugasemdir snúa aðallega að fuglum, annars vegar að truflun á flugleiðum fugla og fugladauða vegna áflugshættu og hins vegar að truflun á varp- og búsvæði fugla vegna hávaða, ljósafliðs og annarrar staðbundinnar truflunar.	Líkt og fram kemur í kafla 5.6.2 í matsáætlun verður farið í rannsóknir á fuglalífi í tengslum við framkvæmdasvæðið. Gert er ráð fyrir að fara í tvenns konar rannsóknir, annars vegar rannsóknir á varpfuglum innan og í grennd við framkvæmdasvæðið og hins vegar rannsóknir á umferð fugla innan og í grennd við framkvæmdasvæðið. Út frá niðurstöðum verður unnt að meta möguleg áhrif mannvirkjagerðar á framkvæmdatíma á varpfugla og möguleg áhrif á rekstrartíma á umferð fugla. Þá er hægt að meta hvort þörf sé á mótvægisáðgerðum til að draga úr eða bæta fyrir möguleg neikvæð áhrif á fugla eða hvort talin verði þörf á vöktun áhrifa á fugla og frekari athuganir. Ekki er gert ráð fyrir að skoða áhrif vegna hljóðvistar á fuglalíf líkt og fjallað er um í kafla hér á undan um hljóðvist.

16 Mengun og örplast

Samantekt – Mengun og örplast	Viðbrögð Orkuveitunnar
Athugasemdir snúa annars vegar að meðhöndlun efna og olíu og mögulegum megnungartilvikum á framkvæmda- og rekstartíma. Hins vegar snúa athugasemdir að niðurbroti á vindmylluspöðum og örplasti sem borist getur í grunnvatn og jarðveg og áhrif þess á náttúru og lífríki. Í því samhengi er sérstök áhersla lögð á áhrif þess á land sem notað er til ræktar og beitar og á vatnsból.	Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um mögulega mengun frá vindmyllum, m.a. vegna örplasts og annarra mengunarefna. Fjallað verður um möguleg slit á búnaði vindmyllanna og hvort veðurfar geti haft áhrif. Þá verður í umhverfismatsskýrslu gerð grein fyrir mótvægisáðgerðum til að draga úr eða bæta fyrir áhrif, þ.á.m. hvort þörf verði á vöktun af einhverju tagi. Þá verður fjallað um möguleg mengunaróhöpp sem gætu orðið á framkvæmda- og rekstartíma, m.a. vegna olíu. Verði þörf á sérstökum viðbrögðum eða mótvægisáðgerðum verður þeim lýst í umhverfismatsskýrslu. Í kafla 5.7 í matsáætlun kemur fram að unnin verða drög að áhættumati vegna mögulegra áhrifa við framkvæmdir og rekstur vindorkugarðsins á grunnvatn innan framkvæmdasvæðisins, en endanlegt áhættumat mun liggja fyrir áður en sótt verður um rekstrarleyfi á seinni stigum. Lögð verður áhersla á að meta hvort hætta sé á mengun í grunnvatni vegna framkvæmda og/eða reksturs og að skilgreina mögulegar mótvægisáðgerðir til að draga úr þeirri hættu.

17 Grunnvatn og vatnshlot

Samantekt – Grunnvatn og vatnshlot	Viðbrögð Orkuveitunnar
Athugasemdir um grunnvatn snúa annars vegar að olíumengun grunnvatns og hins vegar örplastmengun. Einnig er bent á þörf á áhrifamati vegna vatnshlota. Umsagnaraðilar telja að ákveðin hættu sé á að olía og önnur efni geti borist í grunnvatn bæði á framkvæmdatíma og á rekstrartíma. Áhrif geti verið mikil og alvarleg sérstaklega í ljósi þess að framkvæmdasvæðið er innan fjarsvæðis vatnsverndar. Þá er bent á mikilvægi þess að rannsaka áhrif á grunnvatn og setja fram aðgerðir/haga framkvæmdum til að lágmarka eða koma í veg fyrir þau. Þá koma fram áhyggjur af því að örplast berist í grunnvatn og áhrif þess á lífríki.	Orkuveitan tekur undir mikilvægi þess að framkvæma áhættumat vegna framkvæmdarinnar til þess að meta áhrif á vatnafar og gæta að mengunarvörnum. Í kafla 5.7 í matsáætlun kemur fram að unnin verða drög að áhættumati vegna mögulegra áhrifa við framkvæmdir og rekstur vindorkugarðsins á grunnvatn innan framkvæmdasvæðisins, en endanlegt áhættumat mun liggja fyrir áður en sótt verður um rekstrarleyfi á seinni stigum. Lögð verður áhersla á að meta hvort hættu sé á mengun í grunnvatni vegna framkvæmda og/eða reksturs og að skilgreina mögulegar mótvægisáðgerðir til að draga úr þeirri hættu. Við mat á áhrifum á grunnvatn verður horft sérstaklega til áhrifa á vatnshlot. Leiðbeiningum Umhverfis- og Orkustofnunar verður fylgt þegar áhrif á vatnshlot verða metin í umhverfismatsskýrslu. Þá verður öllum gildandi lögum og reglugerðum sem snúa að þessum málum fylgt. Nánar er fjallað um mengun í kafla hér að framan, m.a. vegna örplasts.

18 Vistgerðir og gróðurfar

Samantekt – Vistgerðir og gróðurfar	Viðbrögð Orkuveitunnar
Í athugasemdum er kallað eftir upplýsingum um vistgerðir innan framkvæmdasvæðisins, um hvaða tegundir ræðir, staðsetningu og flatarmál þess svæðis sem verður fyrir raski. Þá er sérstaklega fjallað um vernd og endurheimt votlendis.	Fram kemur í kafla 5.5.2 í matsáætlun að unnar verða rannsóknir á gróðurfari innan framkvæmdasvæðisins til þess að afla nákvæmari upplýsinga um gróður. Út frá þessu verður vistgerðakortlagning Náttúrufræðistofnunar Íslands staðfest eða uppfærð. Þá verður lagt mat á heildarrask gróðurs vegna framkvæmda og niðurstöður birtar í umhverfismatsskýrslu. Út frá niðurstöðum athugunar verður unnt að meta möguleg áhrif framkvæmdar á gróður, vistgerðir og gróðurþekju sem verða fyrir raski. Þá verður einnig lagt mat á hvort þörf sé á mótvægisáðgerðum til að draga úr eða bæta fyrir möguleg neikvæð áhrif á gróður. Sérstök áhersla verður lögð á vistgerðir sem skilgreindar eru með hátt og mjög hátt verndargildi. Rannsóknir verða nýttar til þess að staðsetja vindmyllur þannig að dregið verði úr, eða komist hjá raski á mikilvægum vistgerðum líkt og votlendi.

19 Líffræðilegur fjölbreytileiki

Samantekt – Líffræðilegur fjölbreytileiki	Viðbrögð Orkuveitunnar
Landvernd telur mikilvægt að framkvæmdaðili sýni fram á hvernig framkvæmdin samræmist kröfum um áskoranir hvað varðar skuldbindingar Íslands hvað varðar líffræðilega fjölbreytni og vill Landvernd minna framkvæmdaðila á að nú stendur yfir vinna af hálfu stjórnvalda við að móta stefnu um líffræðilegri fjölbreytni á Íslandi og því er gerð sú krafa að framkvæmdaðili leiti bestu upplýsinga til Náttúrufræðistofnunar Íslands sem og annarra eftir atvikum er koma að vinnu við gerð innleiðingarinnar.	Líffræðilegur fjölbreytileiki verður ekki sér umhverfisþáttur í umhverfismati. Fjallað verður um ýmsa aðra umhverfisþætti sem tengjast líffræðilegri fjölbreytni, líkt og gróðurfar, votlendi, fugla og möguleg áhrif á þá þætti sett í samhengi við viðeigandi verndargildi. Líkt og fjallað er um í matsáætlun verða lög nr. 60/2013 um náttúruvernd m.a. höfð til hliðsjónar í umhverfismati og er markmið laganna m.a. að vernda til framtíðar líffræðilega fjölbreytni. Líffræðilegur fjölbreytileiki er einnig stór þáttur í mótun verndaráætlana, líkt og í Bernarsamningnum, sem eru nýtt sem viðmið í umhverfismati.

20 Menningarminjar

Samantekt – Menningarminjar	Viðbrögð Orkuveitunnar
Í athugasemdum er bent á möguleg neikvæð áhrif á menningarminjar og mikilvægi þess að áhrifin séu metin.	Fjallað verður um áhrif á fornleifar í umhverfismatsskýrslu. Líkt og fram kemur í kafla 5.8.2 í matsáætlun mun fornleifaskráning fara fram skv 16. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar. Út frá niðurstöðum fornleifaskráningar verður unnt að meta hvort þörf sé á að hnika til mannvirkjum vegna fornleifa eða meta hvort þörf sé á öðrum mótvægisaðgerðum. Athygli er vakin á því að sú staðsetning vindmylla innan svæðis sem sýnd er á mynd 5.5 er ekki endanleg. Endanleg staðsetning mun m.a. taka mið af náttúrufari og menningarminjum á svæðinu auk vindaðstæðna.

21 Loftslag og kolefnislosun

Samantekt – Loftslag og kolefnislosun	Viðbrögð Orkuveitunnar
Í athugasemdum er kallað eftir því að gerð sé grein fyrir loftslagsávinningi framkvæmdarinnar auk þess að lagt sé mat á kolefnisspor uppbyggingar, þá sérstaklega með tilliti til þeirrar staðsetningar sem um ræðir.	Til þessa hefur ekki tíðkast að fjalla um kolefnisfótspor verkefna sem þessara. Gert er ráð fyrir losun gróðurhúsalofttegunda við framleiðslu og uppbyggingu vindorkugarðsins, en með framleiðslu á grænni orku yfir líftíma hans mun það bæta fyrir þá losun á rekstrartíma með því að framleiða endurnýjanlega orku með lágt kolefnisspor sem notuð verður í stað annarra óumhverfisvænna orkugjafa. Rannsóknir erlendis frá gefa niðurstöður um að það taki frá nokkrum mánuðum til nokkurra ára fyrir rekstur vindorkugarðs að vinna upp kolefnisspor framkvæmda, mismunandi eftir aðstæðum hverju sinni.⁵ Ekki er því gert ráð fyrir að vinna sérstaka lífsferilsgreiningu sem hluta af umhverfismati verkefnisins þar sem áhrif vegna kolefnislosunar eru ekki talin líkleg til að geta orðið umtalsverð.

⁵ Pincelli, I., Hinkley, J., & Brent, A. (2024). Developing onshore wind farms in Aotearoa New Zealand: carbon and energy footprints. Journal of the Royal Society of New Zealand. <https://doi.org/10.1080/03036758.2024.2344785>. Chipindula, J., Botlaguduru, V., Du, H., Kommalapati, R., & Huque, Z. (2018). Life Cycle Environmental Impact of Onshore and Offshore Wind Farms in Texas. Sustainability. <https://doi.org/10.3390/SU10062022>. Dammeier, L., Loriaux, J., Steinmann, Z., Smits, D., Wijnant, I., Van Den Hurk, B., & Huijbregts, M. (2019). Space, Time, and Size Dependencies of Greenhouse Gas Payback Times of Wind Turbines in Northwestern Europe. Environmental Science & Technology, 53, 9289 - 9297. <https://doi.org/10.1021/acs.est.9b01030>.

22 Orðalag

Samantekt – Orðalag	Viðbrögð Orkuveitunnar
Gerðar eru athugasemdir við að vindorkugarðar séu skilgreindir sem grænir orkugjafar. Einnig eru gerðar athugasemdir um notkun á orðinu vindorkugarður.	Vindorka fellur undir sjálfbæran orkugjafa samkvæmt skilgreiningum Evrópusambandsins.⁶ Því er ekki villandi að fjallað sé um vindorku sem græna, sjálfbæra orku, enda er um að ræða nýtingu á vindi sem er sannarlega endurnýjanleg auðlind. Uppbygging vindorku á heimsvísu er mikilvægur þáttur í að ná markmiðum Parísarsamkomulagsins um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og eru mikil uppbyggingaráform framundan, þó þau séu stutt komin hérlandis. Á Íslandi er venja að nota orðin vindorka og vindmylla og eru þau að finna í íslenskri orðabók. Opinberir aðilar og stofnanir hafa notast hvort tveggja við orðin vindorkugarður og vindmyllugarður.

⁶ [EUR-Lex - 52023DC0669 - EN - EUR-Lex](#)

23 Veðurfar og náttúruvá

Samantekt – Veðurfar og náttúruvá	Viðbrögð Orkuveitunnar
Í athugasemdum er bent á þá áhættu sem felst í því að reisa vindmyllur á svæðinu þar sem hætta er á jarðskjálftum og eldgosum. Þá er farið fram á greiningu á áhrifum veðurs á vindmyllur og hættu vegna ískasts frá vindmyllum.	Líkt og fram kemur í kafla 3.2.6 í matsáætlun verður sérstakur kafli í umhverfismatsskýrslu um náttúruvá þar sem fjallað verður um hvort á þessu svæði sé hætta á eldgosi, jarðskjálftum eða annarri tegund náttúruvár og hvort þessir þættir gætu sett verkefninu skorður. Líkt og fram kemur í kafla 3.2.6 í matsáætlun munu ítarlegum gögnum um vindafar aflað með vindmælingum á framkvæmdasvæðinu. Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um veðurfarslegar aðstæður og ísingarhættu og hvort þörf verði á afísingarbúnaði. Framkvæmda- og virkjunarsvæðið verður merkt með viðeigandi hætti í samræmi við þau ákvæði sem sett verða í starfsleyfi.

24 Mótægisaðgerðir

Samantekt – Mótægisaðgerðir	Viðbrögð Orkuveitunnar
Í athugasemdum er bent á mikilvægi þess að leggja til mótægisaðgerðir þar sem þörf er á.	Fjallað verður nánar um mótægisaðgerðir í umhverfismatsskýrslu í samræmi við 15. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Mótægisaðgerðir byggja á niðurstöðum rannsókna og í kjölfarið umhverfismati, en þær niðurstöður verða kynntar í umhverfismatsskýrslu.

25 Samlegðaráhrif

Samantekt – Samlegðaráhrif	Viðbrögð Orkuveitunnar
Í athugasemdum er bent á mikilvægi þess að meta samlegðaráhrif við önnur vindorkuáform á Mosfellsheiði.	Samlegðaráhrif verða sérstaklega skoðuð í umhverfismati. Líkt og fram kemur í kafla 4.5 í matsáætlun verður umfjöllun um samlegðaráhrif m.t.t. ásýndaráhrifa og áhrifa á fugla með vindorkugarðinum við Dyraveg og öðrum hugsanlegum framkvæmdum á svæðinu.

26 Samráð og framgangur verkefnisins

Samantekt – Samráð og framgangur verkefnisins	Viðbrögð Orkuveitunnar
Einar Már Atlason og Páll Hrannar Hermannsson gera athugasemdir um skort á umræðu og samráði við almenning.	Orkuveitan er orku- og veitufyrirtæki í almannaeigu sem hefur um áratugaskeið verið burðarás í orkuöflun fyrir samfélagið. Hlutverk Orkuveitunnar er að hámarka afrakstur af þeim orkulindum sem fyrirtækinu er treyst fyrir með sjálfbæra nýtingu, verðmætasköpun og hagkvæmni að leiðarljósi. Í ljósi aukinnar þarfar og eftirspurnar eftir grænni orku er það ekki bara ábyrgt heldur nauðsynlegt að leita frekari orkukosta og virðist vindorka vera vel til þess fallin. Sem fyrirtæki í almannaeigu er Orkuveitan meðvituð um þá ábyrgð sem fylgir því að sjá samfélaginu fyrir orku. Við viljum tryggja að orkuöflun sé unnin með hagsmuni almennings og umhverfisins að leiðarljósi. Þess vegna leggur Orkuveitan mikla áherslu á samráð og samvinnu við sveitarfélög, stjórnvöld og almenning við þróun og framkvæmd slíkra verkefna. Umhverfisvernd og sjálfbærni er leiðarstef í allri starfsemi fyrirtækisins, nú sem áður. Settar hafa verið strangar kröfur um vernd umhverfis í framkvæmdum og nýtingu auðlinda og vöndum mjög til verka í nýtingu landsins okkar til orkuframleiðslu. Það er Orkuveitunni mikilvægt að hlusta á allar raddir og viðhalda góðu samtali til að tryggja að ólík sjónarmið komi fram. Orkuveitan minnir á að vinna við rammaáætlun byggir á lögbundnu ferli þar sem tillögur eru m.a. metnar af faghópum verkefnisstjórnar rammaáætlunar. Ferlið byggir á miklu samráði en í samræmi við lög um rammaáætlun (lög nr. 48/2011) ber verkefnisstjórn m.a. að hafa samráð við opinberar stofnanir, hagaðila og félagasamtök. Unnið er í samræmi við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Framlagning matsáætlunar sem þessarar er fyrsta þrep verkefnisins og gefst almenningi kostur á að gera athugasemdir við áformin eins og hér er gert. Það sama á við þegar umhverfismatsskýrsla er auglýst á seinni stigum. Stefnt er að því að vinna við umhverfismat haldi áfram í kjölfar þess að Skipulagstofnun gefur út álit um matsáætlun. Samráð við almennings, sveitarfélög og aðra hagsmnaaðila verði unnið samhliða umhverfismatsvinnu og verða skoðaðar fjölbreyttar vegna þessa, líkt og margmiðlunarlausnir, opin hús, fundir og fleira. Ekki liggur fyrir hvenær skipulagsvinna myndi hefjast eða framkvæmdir, enda verða rannsóknir í umhverfismati hluti þess að meta fýsileika þess að reisa vindorkugarð við Dyraveg.

27 Valkostir

Samantekt – Valkostir	Viðbrögð Orkuveitunnar
Valgarð Ingibergsson gerir athugasemd um samanburð á valkostum og telur valkostagreiningu skorta.	Fjallað er um valkosti í kafla 3.3 í matsáætlun. Samanburður á framkvæmdakostum snýr fyrst og fremst að tilhögun vindmylla m.t.t. uppröðunar, hæðar, afls og áfangaskiptingar. Fjallað verður um valkosti í uppröðun vindmylla og mögulega áfangaskiptingu í umhverfismatsskýrslu út frá rannsóknum á vindi og niðurstöðum á rannsóknum þeirra umhverfispátta sem fjallað er um í kafla 5 í matsáætlun.

28 Almennar athugasemdir

Til viðbótar við þau efnisatriði sem fjallað hefur verið um bærust auk þess ýmsar almennar athugasemdir og almenn mótmæli gegn vindorku og vindorkugarði við Dyraveg sem krefjast almennt ekki efnislegra viðbragða.

29 Yfirlit yfir einstaklinga og félagasamtök

Yfirlit yfir einstaklinga og félagasamtök sem skiluðu inn athugasemdum og vísan í þau efnisatriði sem gerðar voru athugasemdir við.

Einstaklingar og félagasamtök	Efnisatriði																										
	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25	26	27
Alda Daniélsdóttir									X																		
Alma Hrönn Ágústsdóttir										X	X																
Andrés Jónsson					X					X																	
Anna Jóna Dungal / Albert Guðni Albertsson / Elínbjörg Gunnarsdóttir / Hope Elísabet Millington / Ingeborg Anderssen / Ingibjörg Magnúsdóttir / Jóna Thors / Lea Karitas Gressier / Linda Friðriksdóttir / Nanna Jónsdóttir / Samúal Aron Guðlaugsson / Sigrún Hólmgeirsdóttir / Stefán Örn Magnússon									X	X	X			X	X												
Anna Praticchi Gísladóttir									X	X				X	X	X											
Anna Sigríður Einarsdóttir									X	X				X													
Arnar Valgarðsson				X		X			X	X				X		X											
Arndís Amina Vaz da Silva	X		X							X	X				X												

Einstaklingar og félagasamtök	Efnisatriði																										
	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25	26	27
Arnór Sveinsson						X			X	X	X			X	X												
Arnpór Haukdal Rúnarsson										X						X	X										
Auðna Margrét Haraldsdóttir										X	X				X												
Áslaug Björk Eggertsdóttir			X		X			X	X	X				X	X												
Björg Jóna Sveinsdóttir	X		X	X		X	X		X	X	X			X	X			X					X				
Björn Óli Harðarson	X					X				X	X			X	X												
Björn Þór Jakobsson									X	X																	
Dagbjartur Lárus Herbertsson				X					X												X						
Egill Þórir Einarsson					X	X			X	X	X				X												
Einar Björn Magnússon					X			X		X	X			X	X		X			X			X		X		
Einar Ingbór Einarsson																											
Einar Már Atlason				X				X	X	X	X			X	X						X					X	
Eiríkur Björnsson																											
Elinóra Inga Sigurðardóttir				X					X		X					X											
Elvar Eyvindsson									X																		
Ferðafélag Íslands			X			X				X	X	X	X	X	X												
Félag landeigenda í nágrenni Selvatns			X			X			X	X																	
Fisfélag Reykjavíkur					X																						
Flugfélagsins Geirfugls ehf.					X																						
Friðrik Agnar Ólafsson Schram										X																	

Einstaklingar og félagasamtök	Efnisatriði																										
	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25	26	27
Guðlaugur Kristinn Óttarsson				X		X			X					X		X											
Guðmundur Gíslason			X							X					X												
Guðrún Drífa Kristinsdóttir									X	X				X		X											
Guðrún Jónsdóttir										X	X				X												
Gunnar Sigurðsson										X	X																
Gunnar Þór Heiðarsson			X			X				X						X	X			X							
Gunnar Þórarinnsson						X		X	X	X																	
Hafsteinn Hafsteinsson									X																		
Halldór Gunnarsson							X			X				X													
Halldór Sveinsson						X		X	X	X					X	X											
Haraldur H Guðbrandsson										X	X																
Hákon Jóhannesson			X	X		X			X	X	X			X	X	X											
Hlynur Steinsson									X																		
Hrannar Sigfússon																											
Ingibergur Valgarðsson														X													
Isavia					X																						
Jens Uwe Friðriksson																											
Jóhann Garðarsson			X	X				X	X	X	X			X	X	X	X										
Jóhanna Laufey Ólafsdóttir	X								X	X	X			X	X												
Jón Ingibjörn Ingólfsson																											
Jón Sigurður Þorsteinsson					X	X			X	X						X											

Einstaklingar og félagasamtök	Efnisatriði																										
	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25	26	27
Jóna Arnfríður Imsland / Hákon Jóhannesson			X	X	X	X		X	X	X	X			X	X	X	X						X				
Júlíus Geir Gíslason				X				X																			
Júlíus Valsson			X	X					X	X						X	X	X				X	X			X	
Katrín Þorsteinsdóttir					X	X			X	X	X				X								X				
Kolbrún Valvesdóttir															X												
Kristín Helga Gunnarsdóttir									X	X																	
Kristín Helga Gunnarsdóttir / Mótvindur		X	X	X		X			X	X	X				X	X		X				X					
Kristín Lárusdóttir									X		X			X	X	X											
Landvernd		X	X		X	X	X	X	X	X	X	X	X		X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	
Ólafur Þórir Hersisson								X	X	X	X			X							X						
Ómar Gaukur Jónsson									X	X					X												
Páll Hrannar Hermannsson	X		X	X			X		X	X	X		X	X		X	X									X	
Pálmi Hilmarsson	X			X					X	X		X															
Ragnar Örn Eiríksson				X					X	X																	
Rakel Jónsdóttir										X	X				X	X											
Reynir Katrínarson																X											
Rósa Katrín Möller Marinósdóttir								X						X	X	X											
Rúnar Örn Olsen	X								X	X					X												
SFÍ					X																						
Sigríður Brynjólfssdóttir										X	X																
Sigurbjörg Rósa Sigþórsdóttir	X			X		X		X	X	X	X	X		X	X							X					

Einstaklingar og félagasamtök	Efnisatriði																										
	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25	26	27
Sigþór Sigurjónsson																X	X										
Sólveig Dagmar Þórisdóttir				X				X	X	X					X												
Stefán Helgi Kristinsson																											
Svæðisskipulagsnefnd Höfuðborgarsvæðisins										X	X			X			X										
Valgarð Ingibergsson										X	X			X	X		X	X							X		X
Valur Sigurðsson	X					X										X	X										
Vélflugfélag Íslands					X																						
Vilborg Björk Hjaltested										X	X				X	X	X	X									
Þjóðgarður Þingvöllum										X			X												X		
Þorgerður Tryggvadóttir																X											
Þorsteinn Kristinsson						X			X	X					X												
Þorvarður I Þorbjörnsson	X								X	X				X		X											
Þórður Birgisson				X				X	X	X				X	X						X						
Þórður Tryggvason				X																							
Þyri Sölva Bjargadóttir										X				X	X	X	X										
ÖFÍA					X																						